



Umhverfis- og auðlindaráðuneytið
Skuggasundi 1
101 Reykjavík

postur@uar.is

25. október 2019

Efni: Umsögn um drög að frumvarpi um breytingu á lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir (viðaukar), mál nr. 243/2019.

Samtök atvinnulífsins, Samtök iðnaðarins og SVP – Samtök verslunar og þjónustu (samtökin) skila sameiginlegri umsögn um málið. Áður skiluðu samtökin umsögn um áform um fyrirhugaða lagasetningu sem kynnt var í ágúst sl. og minna almennt á ábendingar sem þar komu fram.

Samtökin fagna því að teknir eru til endurskoðunar viðaukar við lög nr. 7/1998 og telja mikilvægt að draga úr skyldu fyrirtækja til að afla leyfis samkvæmt lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir. Þetta á sérstaklega við starfsemi sem fellur undir núverandi viðauka IV og V við lögin þar sem almennt er um að ræða starfsemi sem lítil áhætta fylgir. Einnig er þessi starfsemi í mörgum tilvikum þegar bundin starfsleyfi samkvæmt öðrum lögum og það er íþyngjandi að ríkisvaldið sé að krefjast þess að afla sé starfsleyfa hjá mörgum stjórnvöldum. Frekar ætti að fækka þessum leyfum en þar sem fleiri stjórnvöld þurfa að koma að geta þau einfaldlega miðlað upplýsingum sín á milli um viðkomandi starfsemi. Ávinningurinn er augljós. Samtökin leyfa sér að benda á átak ríkisstjórnarinnar um einfaldara og skilvirkara regluverk.

Þegar flækjustigið er hugleitt bætir ekki úr að eftirlitsaðilar eru mjög margir og samkvæmt lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir eru það ellefu sjálfstæð eftirlitsstjórnvöld sem eiga að fylgja þeim eftir. Það blasir við að eftirlitinu er misjafnlega fylgt eftir, kröfur geta verið misjafnar og það sem leyfist á einum stað kann að vera bannað annars staðar. Að auki hefur heilbrigðiseftirlit sveitarfélaga eftirlit með umfangsmikilli starfsemi sveitarfélaganna sjálfra sem er óeðlilegt og býður upp á mismunun. Samtökin hafa lengi óskað þess að þetta kerfi verði endurskoðað og ítreka enn þá ósk.

Samtökin minna á að í öllum tilvikum er það rekstraraðili sem ber ábyrgð á því að starfsemin uppfylli ákvæði í lögum og reglum á hverjum tíma. Það er síðan eftirlitsins að líta eftir því að svo sé og leggja fram ábendingar og kröfur um úrbætur þar sem þess kann að vera þörf.

Að þessu sögðu taka samtökin undir það sem fram kemur í frumvarpsdrögunum um að sameina viðauka IV og V við lögin og fella niður skráningar- og starfsleyfisskyldu fyrir starfsemi sem fellur undir 71 tölusetta liði.

Þá stendur eftir í nýjum viðauka IV listi um starfsemi sem er starfsleyfisskyld í 84 tölusettum liðum.



Samtökin leggja til að starfsemi sem fellur undir 25. og 26. gr. laga um heilbrigðisþjónustu nr. 40/2007 og lýtur þannig eftirliti landlæknis verði felld út af listanum í IV. viðauka. Þannig verði starfsemi sem heyrir undir tölulið 6, 32, 59, 60, 68 og 69 ekki starfsleyfisskyld skv. lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir enda er það hlutverk landlæknis að staðfesta að þessi rekstur „uppfylli faglegar kröfur til reksturs heilbrigðisþjónustu og ákvæði heilbrigðislöggjafar á hverjum tíma” og vandséð hverju starfsleyfi heilbrigðisnefndar getur bætt þar við.

Samtökin minna jafnframt á að samkvæmt lögum um matvæli nr. 93/1995 eru öll matvælafyrirtæki skyld að afla sér starfsleyfis til starfsemi sinnar en undir það fellur framleiðsla, vinnsla og dreifing matvæla á einhverju stigi. Ekki virðist ástæða til að þessi starfsemi sé að auki undir sérstakri starfsleyfisskyldu skv. IV. viðauka. Því er lagt til að starfsemi undir töluliðum 11, 12, 21, 24, 34, 41, 42, 49, 50, 63, 74 og 76 sem eru starfsleyfisskyld skv. matvælalögum verði felld út úr viðaukanum. Dýraspítalar og dýralæknastofur (tl. 8 og 9 í IV. viðauka) eru sömuleiðis undir sérstöku eftirliti Matvælastofnunar og engin ástæða til sérstakrar starfsleyfisgerðar vegna laga nr. 7/1998.

Einnig er minnt á að samkvæmt lögum um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald veitir sýslumaður rekstrarleyfi þeirri starfsemi sem undir löggin falla. Frá sýslumanni geta upplýsingar um þessa staði auðveldlega borist til eftirlitsaðila samkvæmt lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir. Engin ástæða virðist því til að krefja starfsemi undir töluliðum 16, 30, 71, 72 og 74 (sbr. ofar) um sérstök starfsleyfi samkvæmt lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir. Samtökin leggja til að þessir liðir verði felldir brott úr viðaukanum.

Samtökin telja einnig að einstök önnur starfsemi geti einnig fallið brott úr viðauka IV án þess að því fylgi sérstök áhætta og leggja til að ráðuneytið fari enn á nýju yfir viðaukann með tilliti til áhættu að lokinni þeirri hreinsun sem hér er lögð til.

Samtökin leggja að lokum til að öll starfsemi sem talin er upp í viðaukum verði höfð í eintölu þannig að í stað baðstaðir komi baðstaður, í stað bensínstöðvar komi bensínstöð, í stað bílaþvottastöðvar komi bílaþvottastöð, í stað dýragarðar komi dýragarður o.s.frv. til þess að auka skýrleika laganna.

Virðingarfyllst,

f.h. Samtaka atvinnulífsins

f.h. Samtaka iðnaðarins

f.h. SVP – Samtaka verslunar og þjónustu